



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rafknúin farartæki í miðborg (US190313).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 25. september 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Nýleg könnun meðal íbúa sýnir að borgarþúar myndu helst nýta sér þjónustu miðborgar oftast ef þar væri aðgengilegur einhver konar miðborgarvagn. Með umbreytingu og endurhönnun Laugavegs er yfirlýst markmiðið borgarinnar að glæða götuna enn meira lífi með það fyrir augum að veita gangandi og hjólandi vegfarendum aukið rými. Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið bjóði út rekstur smárra rafknúinna farartækja sem gætu ferjað viðskiptavinum frá bílahúsum að verslun og þjónustu í miðborg. Eins er lagt til að umhverfis- og skipulagssvið hlutist til um gott aðgengi að reiðhjólum, rafskútum og öðrum sambærilegum farartækjum nærri bílahúsum. Þannig megi gera verslun og þjónustu enn aðgengilegri fyrir gesti miðborgar og skapa sátt um útfærslu göngugatna.

Tillöggunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. október 2019. Beiðni um umsögn var ítrekuð þann 8. september sl.

Umsögn:

Framangreind tillaga var lögð fram fyrir um tveimur árum en því miður láðist að skrá hana í málaskrá sviðsins og senda hana skrifstofunni til meðferðar. Af þeim sökum var umsögn ekki veitt á sínum tíma og er beðist velvirðingar á því.

Fyrri hluti framangreindrar tillögu snýr að því að boðinn verði út rekstur smárra rafknúinna farartækja sem gætu ferjað viðskiptavinum frá bílahúsum að verslun og þjónustu í miðborginni. Af hálfu skrifstofunnar er lögð áhersla á að lágmarka eftir fönnum umferð vélknúinna ökutækja um göngugötusvæðin. Góðar tengingar eru með Strætó um Hverfisgötu og nægt framboð örflæðisfarartækja, fyrir þá sem geta notað slík farartæki, á göngugötunum sjálfum. Þá er komið til móts við aðgengi hreyfihamlaðra með stæðum innan og í nágrenni göngugötusvæða, auk þess sem í skoðun er að framkvæma tilraunaverkefni á útleigu á rafskútlum (*e. mobility scooters*) úr bílahúsum.



Seinni hluti tillögunnar snýr að því að umhverfis- og skipulagssvið hlutist til um að tryggja gott aðgengi að reiðhjólum, rafskútum og sambærilegum farartækjum. Tekið er undir mikilvægi þess að tryggja slíkt aðgengi en sem fyrr segir hefur orðið mikil framboðs aukning á örflæðisfarartækjum frá 2019. Skrifstofan vinnur nú að því að koma fyrir rafskútu- og hjólastæðum í borginni, sem leigurnar hafa verið tilbúnar til að dreifa hjólum í og höfða til sinna viðskiptavina að skilja hjól eftir í. Ekkert er því til fyrirstöðu að fundin verði pláss fyrir slík stæði í nágrenni bílahúsanna.

Skrifstofan mun koma því áfram inn í vinnu við merkingu stæða fyrir örflæðisfarartæki, að hugað verði að því að finna þeim stað nærri bílastæðahúsum eftir því sem eftirspurn gefur tilefni til. Í samræmi við framangreint mælir skrifstofan með því að tillagan verði felld.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri